

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 244 3. nóvember 1970 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Þróttar.

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:
Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 150.

2. gr.

Réttindi þeirra manna, sem á lögmatan hátt stunda leigubifreiðaaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, skulu þó í engu skert.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarenda leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum (eiturbeiðendum) samkvæmt beiðni þeirra og gilda til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Gildistími eiturbeiðna er lengst 3 mánuðir frá útgáfudegi. Þegar að neðan er rætt um eiturbeiðnir, er átt við eiturbeiðnir, er lögreglustjóri hefur gefið út og eru enn í gildi.

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði.

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1.—5. tölulið 1. málsgreinar 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Um sölu eiturefna í X og A hættuflokkum gilda sérákvæði, sbr. reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. einnig 9. gr. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrir mæla um notkun. Slíkar undanþágur frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar.